

# Samfélagsleg áhrif Vaðlaheiðarganga, staðan fyrir göng

**"Menn eru byrjaðir að stóla á að komast alltaf"**

***Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar  
Reykjavík, 28. október 2016***

**Hjalti Jóhannesson, sérfræðingur  
Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri**

# Verkefnið


- Markmið verkefnis
  - Auka þekkingu á samfélagsbreytingum vegna Vaðlaheiðarganga
  - Greina stöðu fyrir opnun ganganna og skapa forsendur fyrir samanburði eftir að reynsla verður komin á göngin að nokkrum árum liðnum
- Eigindleg aðferð (aðallega)
  - 10 viðtöl og 6 manna rýnihópur á Húsavík
    - Persónuleg reynsla af samgöngum um Víkurskarð

# Samfélagsáhrif samgöngubóta

- Þekking að aukast, talsverðar rannsóknir sl. 15 ár
  - Samfélagsáhrif Óseyrarbrúar 1981
  - Lauslega vegna Vestfjarðaganga kringum 1990
- Þegar teknir eru brott þröskuldar í vegakerfinu aðlagast samfélagið að breyttum veruleika
  - Aukin samskipti, sérhæfing og miðleitni (atvinnusókn, verslun, þjónusta, framleiðsla)
  - Mismunandi eftir aðstæðum hvernig birtist og kemur fram

# Vaðlaheiðargöng 4. kynslóð bílvegar milli Eyjafjarðar og Þingeyjarsýslu

- Þróun samgangna á svæðinu hefur farið fjóra „hringi“ samanber þetta líkan



# 1. Vaðlaheiðarvegur um Steinsskarð

- Opnaður 1930
  - Bylting í samgöngum
  - Lokaður yfir veturinn
  - Um 520 m hæð yfir sjó (Steinsskarð)

Vaðlaheiðarvegur. Byrjað var á framhaldi hans um helgina. Vegurinn er kominn austur að heiðarbrún. Búist við, að í sumar verði kominn bifreiðavegur í Vaglaskóg.

Morgunblaðið 1929



## 2. Dalsmynni

- Opið 2-3 mánuðum lengur að vetrinum
- 27 km lengri en Vaðlaheiðarvegur (sem var áfram aðal sumarleiðin)
  - Snjóflóðasvæði
  - Ljóst að yrði aldrei góður framtíðarvegur

### Fnjóskadalur og Dalsmynni.

Í Fnjóskadal hefir verið undirbyggður vegur að vestan frá því nokkuð fyrir utan Vatnsleysu og suður hjá Hrisgerði. Einnig undirbyggðir nokkrir kaflar á milli Hróarsstaða og Veturliðastaða. Allt er þetta byggt fyrir lánsfé frá Hálshreppi að upphæð 150 þús. kr. Að austan var byggður vegur frá Végeirsstaðaklifi nokkuð norður fyrir tún í Böðvarsnesi, og var 120 þús. kr. fjárveiting til þess á fjárlögum.

Þá hefir Grýtubakkahreppur útvegað lán í veginn um Dalsmynni milli Pálsgerðis og Skarðs að upphæð 250 þús. kr. Er verið að vinna í þeim vegi nú og vonandi að settum áfanga verði náð, áður en veður spillast. Þar er um lofsvert framtak að ræða hjá Grýtubakkahrepp, því að ætla má, að hinn nýi vegur geti tryggt samgöngur á landi milli Eyjafjarðar og Þingeyjarsýslu 2—3 mánuðum lengur að vetrinum en venjulegast er.

Íslendingur 1956



# 3. Víkurskarð

- Vænst að Víkurskarð væri framtíðarlausn á samgöngum milli Eyjafjarðar og Þingeyjarsýslu
  - Í fyrirbyggjandi verkefni er mat nokkurra viðmælenda á kostum og göllum Víkurskarðs

DV. MANUDAGUR 26. SEPTEMBER 1983.

## Víkurskarð sigrar Vaðlaheiðarbeygjur

— einn sérstæðasti fjallvegur landsins á leið inn í fortíðina

Unnið er að tengingu Víkurskarðsvegur milli Svalbarðsstrandar og Fnjóskadals og er gert ráð fyrir að umferð verði hleypt á hann eftir um 4 vikur. Vegur þessi mun í framtíðinni leysa af hólmi hinn margfræga veg yfir Vaðlaheiði þar sem beygjur eru fleiri en menn hitta fyrir á sama kílómetrafjölda af vegarspotta héraendis.

Framkvæmdir við Víkurskarðsveg hafa staðið yfir með hléum frá 1977. Árin 1978 og 1979 var ekkert unnið en 1980 var erfiðasti hjallinn sigrður. Heitir þar Hrossagil og er 60 metra breitt. Fyllingin sem þurfti í gilið var um 100 þúsund rúmmetrar og vegurinn er þar 25 metra há.


Árið 1981 var eingöngu unnið á Grenivíkurvegi og upp fyrir svokallaða Miðvíkurrett og í fyrra héldu vegagerðarmenn sig Fnjóskadalsmegin.

Þótt umferð verði í haust hleypt á nýja veginn er hann þó ekki fullgerður og sagði Sigurður Oddsson, tækni-fræðingur hjá Vegagerðinni á Akureyri, að honum yrði líklega lokað næsta sumar, meðan lokið verður við að setja á hann burðarlag. Árið 1985 er áformað að setja klæðingu á veginn.

Milli tenginga er Víkurskarðsvegur 11 kílómetrar og verður milli 5 og 6 kílómetrum lengra að fara hann en gömlu Vaðlaheiðina. A móti kemur að leiðin er mun fljótfarnari. Þá verður 20 kílómetrum styttra að fara Víkurskarðsveg en fyrir Dalsmynni en þar hefur vetrarvegurinn verið milli Eyjafjarðar og Þingeyjarsýslna. Miklu skiptir líka að búist er við að nýi vegurinn verði snjóléttur. Hæsti hluti Vaðlaheiðar er 502 metrar en þarna er hæsti hlutinn réttum 200 metrum lægri.

-JBH/Akureyri.

DV 1983



*Fnjóskadalur og  
Ljósavatnsskarð*

*Vegfyllingin mikla í Hrossadal*

*Til Eyjafjarðar*

Víkurskarð, séð til suðausturs af Ystuvíkurfjalli



## 4. Vaðlaheiðargöng

- Aðeins um 15 árum eftir að Víkurskarð var fullgert var farið að ræða um þörf á jarðgöngum
  - Langvinn umræða og átök um forgangs röðun og fjármögnun ganganna

### Vaðlaheiðargöng kosta 4 milljarða

**Vegagerðin hefur áætlað að jarðgöng í gegnum Vaðlaheiði yrðu að vera 7-8 km löng. Vegamálastjóri segir helsta gallann við jarðgöng vera mikinn kostnað.**



*Helgi Halgrímsson vegamálastjóri.*

**Eðlileg umræða**  
Helgi segir edlilegt að íbúar landsins varpi fram og skoði sem flesta möguleika en eitt stendur fyrst og fremst í vegi fyrir gangagerð: „Jarðgangsóskirnar eru býsna margar en gallinn er fyrst og fremst sá að jarðgöng eru mjög dýr og því er um mjög stórar fjárhæðir að ræða í hverju einstöku tilviki.“ segir Helgi. Í langtímaáætlun Vegagerðinnar er öllum jarðgöngum kippt út fyrir sviga þannig að jarðgangamálaflokkurinn fær sér skoðun og sér-

staka fjármögnun að sögn Helga. Vegamálastjóri upplýsir að kostnaður við hvern grafinn kílómetra sé grófluga um 500 milljónir ef um tvíbreidd göng er að ræða. Þegar Vegagerðin stóð að frumkönnun á göngum í gegnum Vaðlaheiði hafi komið í ljós vegna breiddar hennar að göngin yrðu að vera 7-8 km löng. Heildarkostnaður gæti því numið um 4 milljörðum kr. alls.



**Flestir vilja göng**  
Ef tekið er mið af umræðunni, vilja heimamenn jarðgöng í flestum landsfjórðungum. Á Austfjórðum hefur komið fram ósk um göng milli Reyðarfjarðar og Fáskrúðsfjarðar. Á Norðurlandi vestra hafa heimamenn lagt áherslu á göng á milli Ólafsfjarðar og Siglufjarðar og þá hafa Árni Johnsen og stuðningsmenn barist fyrir göngum milli Eyja og fastalandsins. Því er ljóst að mikill slagur er um málið en tekið er á um forgangsroð verkefna.

Helgi segist telja að vegurinn um Víkurskarðið hafi reynst líkt og áætlanir hafi gert ráð fyrir. Vissulega teppist hann á köflum líkt og aðrir fjallvegir. — 88

Dagur 1999

# Þróun umferðar og áreiðanleiki ferða

- Víkurskarð annar fjölfarnasti fjallvegur 2015 á hringvegi
- Umferðin er að verða jafnari yfir daga vikunnar



# Víkurskarð lokað í 12 sólarhringa

© 12.03.2013 - 13:16 Innlent - Norðurland - Samgöngumál Bein slóð



## Oft lokað á vetrum



Vegurinn um Víkurskarð hefur verið lokaður vegna snjóá í tæpar 290 klukkustundir, eða tólf sólarhringa samtals, í haust og vetur. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni lokaðist Víkurskarð fyrst 10. september og var þá lokað samfleytt í rúma 24 tíma.



Fjórum sinnum hefur skarðið verið lokað lengur en 30 tíma samfleytt og lengsta samfellda lokunin var tæpir 40 tímar, frá því síðdegis föstudaginn níunda nóvember, fram að morgni sunnudagsins ellefta.

Í þessari samtantekt eru ekki taldir með þeir dagar sem þungfært hefur verið á Víkurskarði, eða illfært að öðru leyti.



© 12.03.2013 - 13:16 Innlent - Norðurland - Samgöngumál Bein slóð



# Hrossagilið erfiður staður



- „Yfirleitt er það þannig að bílar festast og loka leiðinni sem tefur að hægt er að opna. Aðstæðurnar eru oft þannig upp á Víkurskarði að þú sérð ekki neitt og bílar hafa misst hver af öðrum í fylgdarakstri. Aðstæðurnar þarna á horninu og í Hrossagilinu eru svo erfiðar, sérstaklega í norðvestanátt. Íðan verður svoleiðis að menn sjá ekki græna glóru“

# Breytingar á lokunum

- Margir björguðu sér sjálfir yfir í misjöfnum veðrum, nú meiri forræðishyggja af hálfu veghaldara
  - Veginum lokað við ákveðnar aðstæður



# Telja breytingar á lokunum til góðs

- Flestir sammála um að þessar lokanir séu nauðsynlegar
  - Aukin umferð og mun fjölbreyttari flóra vegfarenda að vetri
- „Og svo hafa aukist þessir ferðamenn... maður skilur svosem og talar einhverja ensku en maður getur ekkert talað við þessa Kínverja og reynir að benda þeim eitthvað að fara til baka... þeir rugla bara einhverja vitleysu og enginn skilur neitt...“ 😊

# Snjómokstur

- „... ef kemur gott veður eftir snjóaveður þá er þetta gaman og þú sérð mikinn árangur. Mikil stemning yfir þessu – allir voða glaðir þegar maður opnar [veginn] og veifa í mann þegar þeir fara fram hjá og gaman að fá hrós ef maður gerir þetta vel. Við höfum gert það besta sem við getum“
- Ánægja með verktaka sem sinnir mokstri á Víkurskarði



# Snjómokstur – breyttar kröfur

- *„Það er ekkert hægt að nota þetta Víkurskarð miðað við hvernig kröfurnar eru orðnar, það er ekkert hægt að nota þennan veg. Ef kröfurnar væru bara eins og þær voru þegar Hermann og Ingi Ragnar voru þarna og stjórnðu þessu [fyrir Vegagerðina] á árum áður. Þeir fóru bara heim og sögðu að þetta væri bara gott í dag – við skyldum ekkert brasa við þetta lengur. Og þá var þetta þetta öðruvísi, menn voru á jeppum og fóru ef þeir gátu. Og svo skánaði veðrið og við fórum að moka aftur. Það var ekkert verið að spá í það fyrr en það var hægt sko.“*



# Almenningssamgöngur – Strætó

- Erfitt að treysta á vetrarsamgöngur (strætóstjóri)



- „Þetta er allt í lagi yfir sumarið en veturinn er náttúrulega bara skelfilegur. Það er ekki alltaf logn þarna uppi. Oft blindað og ófærð og ferðir falla niður. Áætlun seinkar einnig oft. Ég hef stundum lent í því að komast til Akureyrar en ekki síðustu ferðina til Húsavíkur aftur út af ófærð kl. 18“

# Neyðarakstur og sjúkraflutningar

- Neyðarakstur algengur
- Getur safnast upp biðlisti fólks sem þarf á Sjúkrahús Akureyrar eftir ófærðardaga
- *„Ég skal alveg viðurkenna að þegar þú sást í kollinn á barni og rétt grilla í bílinn framan við þá hugsaðirðu: Var þetta rétt ákvörðun að hérna leggja upp í þetta ferðalag? En konu og barni heilsaðist mjög vel...“*
  - (Akstur um Dalsmynni 2014 í snjóflóðahættu með konu á leið frá Húsavík á Sjúkrahús Akureyrar)

# Sambjöppun í atvinnulífinu

- Aukin sérhæfing eða sambjöppun, dæmi:
  - Öll mjólk af svæðinu fer í MS á Akureyri
  - Öll stórgripaslátrun á Akureyri
  - Öll sauðfjárslátrun á Húsavík
  - Opinber þjónusta þjappast saman
    - Fækkun stofnana og útibúa
  - Sambjöppun í verzlun
    - Stærri og færri verlanir, verlanamiðstöðvar
- „Nú á ég að tilheyra Húsavík varðandi læknisþjónustu og allt annað en þangað fer ég aldrei. Nema maður þurfi að hitta sýslumann en nú er búið að breyta því. Ég læt bara slátra fénu á Húsavík“

# Samgöngur séu alltaf til staðar fyrir atvinnulífið

- Svæðin að verða ein heild í atvinnulegu tilliti
  - Verslun, þjónusta, matvælaíðnaður og fleira
    - Birgðahald verslana tekur mið af stöðugum ferðum
    - Sérhæfð verslun
    - Hagræðing í rekstri
    - Læknisþjónusta miðast við að alltaf sé hægt að senda sjúklinga til Akureyrar
    - Atvinnusókn og nám
    - Sókn í sérfræðipekkingu
  - Umferð yfir vikuna jafnari og að aukast



# Væntingar til Vaðlaheiðarganga

## *Hluti af almennum kröfum til samgangna*

- Eðli samgangnanna hafi breyst, umferð aukist mikið, þetta sé eðlilegt skref að stíga
- Fólk geri kröfu um að komast milli héraðanna hvenær sem er
- Víkurskarð sé ófullnægjandi miðað við kröfur dagsins í dag
- Öryggismál
  - Vegurinn sjálfur, aðgengi að heilbrigðisþjónusta

- „Ástæðan fyrir að farið var í göngin er ekki að aðstæður hafi mikið breyst heldur er það þannig að við erum orðin háð því að geta komist þegar okkur hentar. Kröfur dagsins eru þessar og Vegagerðin þarf að mæta þeim“
- „Það er bara þannig að við köllum alltaf á meiri og betri samgöngur. Það er bara [þannig] að því auðveldari sem samgöngurnar eru og því styttri sem ferðatíminn er þá hjálpar það öllum“

# Væntingar til Vaðlaheiðarganga *Atvinnan*

- Ferðir verði fyrirvaralausari og skreppitúr að fara milli héraðanna.
- Stærra atvinnusóknarsvæði, aukið atvinnuöryggi og aukin fjölbreytni
  - Mikilvægt fyrir ungt, menntað fólk

*„...sem betur fer er farið að flytja hingað fleira yngra fólk. Eldra fólkið bara sættir sig við ákveða hluti. Yngra fólkið bara sættir sig ekki við það. Það er bara hluti af þeirra lífi að geta skotist í þetta og skotist í hitt“*

# Væntingar til Vaðlaheiðarganga *Sveitarfélögin*

- Sveitarstjórnarmenn ekki á einu máli
  - Sumir töldu að lítið myndi breytast í rekstri sveitarfélaga meðan aðrir töldu að mikil tækifæri fyrir samvinnu og/eða sameiningu sveitarfélaga myndu skapast.
  - Áhyggjur af því að grafi undan verslun og þjónustu á Húsavík
    - Slík áhrif þó sjáanleg nú þegar



- *„Það eru búnar að verða miklar breytingar á samgöngum á undanförunum 15-20 árum, Fljótsheiði og Mývatnsheiði. Allt er þetta til bóta nema það hafa farið tvær verslanir og bara ein eftir í dag. Menn taka alla alvöru verslun á Akureyri. Hér var mikil breidd í verslun en kosturinn er að menn geta komist í verslun og bíó og allt. Menn eru byrjaðir að stóla á að komast alltaf“*

# Væntingar til Vaðlaheiðarganga *Samfélagsgerðin*

- Áhyggjur af því að margt sogist til Akureyrar
- Áhyggjur um að sérstök samfélagsgerð sveitanna láti undan síga vegna bættra samgangna og tíðari samskipta
  - En íbúar sveitanna eigi greiða leið að þéttbýlissamfélaginu og geti tekið virkan þátt í því og nýtt sér fjölbreytni þess – verði í raun hluti af því

# Að lokum

- Sífelld þróun vegakerfis – eins konar hringrás
- Samfélagið búið að aðlaga sig að samgöngum
  - Miðlægni og sérhæfing
  - Ákveðnum þolmörkum núverandi vegakerfis náð
- Frekari samþætting samfélags og atvinnulífs fyrirsjáanleg með Vaðlaheiðargöngum
  - Sjálfsgætt finnst þó nýir flöskuhálsar sem athyglin beinist að næst 😊



*Takk fyrir áheyrnina*